



LEIÐARVÍSIR UM FRÍVERSLUNARSAMNINGA

Tólf spurningar og svör um fríverslunarsamninga
og hvernig þeir geta nýst íslensku atvinnulífi





01. Hvað er fríverslunarsamningur ?
02. Hvaða fríverslunarsamningum á Ísland aðild að ?
03. Hvaða ríki verður samið við næst ?
04. Hvað með Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) og Evrópska efnahagssvæðið (EES) ?
05. Af hverju er mikið talað um fríverslunarsamninga núna ?
06. Hvað með aðra viðskiptasamninga
07. Hvernig velur Ísland ríki til að gera fríverslunarsamninga við ?
08. Hvernig ganga fríverslunarviðræður fyrir sig ?
09. Um hvað fjalla fríverslunarsamningar ?
10. Hvernig virka fríverslunarsamningar ?
11. Hvað með landbúnað ?
12. Hvernig geta fyrirtæki og einstaklingar haft áhrif ?

Fríverslunarsamningar (Free Trade Agreements) ganga undir mismunandi heitum í alþjóðlegri umræðu. Stundum eru þeir nefndir tvíhliða fríverslunarsamningar (Bilateral Free Trade Agreements), svæðisbundnir fríverslunarsamningar (Regional Free Trade Agreements), samningar um efnahagssamstarf (Economic Partnership Agreements) eða jafnvel samningar um hagstæðari viðskiptakjör (Preferential Free Trade Agreements).

01.

HVAÐ ER FRÍVERSLUNARSAMNINGUR ?


Fríverslunarsamningar eru samningar sem íslensk stjórnvöld gera við annað ríki eða hóp annarra ríkja til að bæta aðgang íslenskra fyrirtækja að viðkomandi mörkuðum, til að draga úr eða afnema viðskiptahindranir og til að tryggja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs til lengri tíma. Í langflestum tilvikum gerir Ísland fríverslunarsamninga í samstarfi við samstarfsríkin í EFTA (Sviss, Noreg og Liechtenstein).

Fríverslunarsamningar fela í sér lækkun tolla og auka öryggi í alþjóðaviðskiptum, t.d. með ákvæðum um upprunareglur. Allir fríverslunarsamningar fela í sér verulegar tollalækkanir og setja á fót samráðsvettvang þar sem hægt er að ræða og leysa vandamál sem fyrirtæki kunna að upplifa í viðskiptum á milli ríkjanna. Sumir fríverslunarsamningar fela einnig í sér ákvæði um frelsi í þjónustuviðskiptum, vernd fjárfestinga, vernd hugverkaréttinda, samkeppnismál, opinber tilboð og rýmri reglur um dvalar- og atvinnuleyfi fyrir lykilstarfsfólk.

Talað er um fríverslunarsamninga sem aðeins ná til vöruviðskipta sem fyrstu kynslóðar fríverslunarsamninga. Þeir samningar sem einnig ná til þjónustuviðskipta og annarra þátta kallast annarrar kynslóðar fríverslunarsamningar. Ísland stefnir alltaf að annarrar kynslóðar fríverslunarsamningum en í mörgum tilvikum eru þau ríki sem samið er við ekki í stakkbúin til að semja um annað en vöruviðskipti en ekki um þjónustuviðskipti.


Fríverslunarsamningar koma til viðbótar við þau viðskiptakjör og þær viðskiptareglur sem samið er um innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Ísland er eitt af opnustu hagkerfum heims og er mjög virkt í gerð fríverslunarsamninga. Þetta þýðir ekki að lítil eða minni áhersla sé lögð á samningaviðræður á vettvangi WTO.

Við gerð fríverslunarsamninga er ekki aðeins litið til umfangs núverandi viðskipta heldur einnig til tækifæra í framtíðinni. Samningarnir ryðja úr vega hindrunum fyrir íslensk fyrirtæki sem vilja sækja fram á vaxandi mörkuðum, t.d. í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku.



Tafla: Utanríkisviðskipti sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, 2003. Heimild. UN Common Database (UNCTD), og Suður-Ameríku.





02.

HVAÐA FRÍVERSLUNARSAMNINGUM Á ÍSLAND AÐILD AÐ ?

Ísland er aðili að fríverslunarsamningum við 52 ríki sem samtals hafa tæplega 1 milljarð íbúa (þegar tekinn er með EES-samningurinn við Evrópusambandið). Langflesta samningana hefur Ísland gert í samvinnu við samstarfsríki sín í EFTA.

Þann 1. nóvember 2006 tók í gildi nýr fríverslunarsamningur Íslands og Færeyja, svonefndur Hoyvíkur samningur. Sá samningur er í reynd víðtækasti fríverslunarsamningur sem Íslands hefur gert. Hann nær yfir frjálst flæði fyrir vörur, þjónustu fjárfestingar og fólk, eins og EES-samningurinn, en að auki felur Hoyvíkursamningurinn í sér fulla fríverslun með landbúnaðarvörur. Ennfremur er samkvæmt samningnum öll mismunun á grundvelli þjóðerni, búsetu manna, staðfestu lögaðila eða upprunalands vöru óheimil, nema með örfáum skilgreindum undantekningum.

Tafla: Yfirlit yfir gildandi fríverslunarsamninga sem Ísland á aðild að og yfir samninga sem eru í undirbúningi eða til athugunar. (15 febrúar 2007).

EFTA samningar sem eru í gildi	Aðeins Ísland	Yfirstandandi viðræður	Undirbúningur viðræðna	Yfirlýsingar um samstarf	Viðræður til athugunar
Botswana Chile EES (Evrópusambandið) Egyptaland Ísrael Jórdanía Króatía Lesótó Liechtenstein Líbanon Makedónía Marokkó Mexíkó Namibía Noregur Palestína Singapúr Suður-Afríka Suður-Kórea Svasíland Sviss Túnis Tyrkland	ESB ('72) Færeyjar	Flóabandalagið (GCC) Kanada Kína (aðeins Ísland) Tæland	Alsír Indland Indónesía Kólumbía Perú Úkranía	MERCOSUR	Albanía Bandaríkin Japan Malasía Rússland Serbía Vietnam

03.

HVAÐA RÍKI VERÐUR SAMIÐ VIÐ NÆST ?

Nú standa yfir fríverslunarviðræður við 9 ríki til viðbótar, en þar af eru 6 ríki í Flóabandalaginu¹. Ef tekst að ljúka þeim samningaviðræðum munu íslensk fyrirtæki njóta hagstæðs aðgangs að mörkuðum 61 ríkis með samtals ríflega 2.4 milljarða íbúa, en þar munar mest um 1.3 milljarða íbúa Kína. Einungis samstarfsríki okkar í EFTA og aðildarríki Evrópusambandsins hafa viðlíka net fríverslunarsamninga.

Eftir gildistöku fríverslunarsamnings við Kína mun Ísland njóta einstaks aðgangs að mörkuðum heims, bæði með tilliti til fjölda fríverslunarsamninga og stærð markaða.

Auk þessa eru í undirbúningi fríverslunarviðræður EFTA, með aðild Íslands, við nokkurn fjölda ríkja. Stærst þeirra eru Indland og Indónesía, en einnig eru í undirbúningi viðræður við Alsír, Kólombíu, Perú og Úkraínu. EFTA og MERCOSUR² hafa gert með sér samstarfsyfirlýsingu, en slíkar yfirlýsingar hafa ávallt leitt til gerðar fríverslunarsamnings í fyllingu tímans. EFTA-rikin hafa til athugunar gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin. Jafnframt er áhugi á að gera fríverslunarsamning við Rússland eftir aðild Rússa að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO). Til skoðunar eru viðræður við Japan, Malasíu, Víetnam, Albaníu og Serbíu.

Áhugi á gerð fríverslunarsamninga hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum, ekki síst meðal Asíuríkja. Vonbrigði með gang viðræðna innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) hafa ýtt undir áhuga á fríverslunarviðræðum. Með fríverslunarviðræðum vilja ríki auka frelsi í viðskiptum á sama tíma og þau jafna eða bæta samkeppnisaðstöðu sinna fyrirtækja.

1- Bahrain, Kúveit, Oman, Kvatar, Sádi Arabia og Sameinuðu Arabísku Furstadæmin.

2- Argentína, Brasília, Paragvæ og Úrúgvæ



04.

HVAÐ MEÐ ALÞJÓÐAVIÐSKIPTASTOFNUNINNA (WTO) OG EVRÓPSKA EFNHAGSSVÆÐIÐ (EES) ?


Fríverslunarsamningar koma til viðbótar við þau viðskiptakjör og þær viðskiptareglur sem samið er um innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Aðildarríki WTO eru nú 150 talsins og viðræður á þeim vettvangi eru því óhjákvæmilega þungar í vöfum og taka mið af mismunandi hagsmunum sem hin ólíku ríki hafa. Gerð fríverslunarsamninga er einfaldari þar sem færri aðilar sitja við samningaborðið. Með fríverslunarsamning fái íslensk fyrirtæki hagstæð viðskiptakjör fyrr en ella á þeim markaðssvæðum þar sem mestur áhugi er á frekari viðskiptum. Fríverslunarsamningar byggja á grunni WTO en ganga lengra í frjáls-ræðisátt. Þess vegna er stundum vitnað til þeirra sem „WTO plús“, eða „WTO+“. Ísland er eitt af opnustu hagkerfum heims og er mjög virkt í gerð fríverslunarsamninga. Þetta þýðir alls ekki að lítil eða minni áhersla sé lögð á samningaviðræður á vettvangi WTO.

Grein XXIV í stofnsamningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar heimilar gerð fríverslunarsamninga. Greinin setur þrjú skilyrði fyrir gerð fríverslunarsamninga: Þeir verða að leiða til aukins viðskiptafrelsis í heiminum, þeir þurfa að fela í sér afnám tolla á nær öllum viðskiptum ríkjanna og það þarf að tilkynna samningana til WTO.

Fríverslunarsamningar koma ekki í stað samningsins um Evrópska efnhagssvæðið (EES)

Samningurinn um Evrópska efnhagssvæðið (EES) er á milli EFTA/EES-ríkjanna Íslands, Noregs og Liechtenstein (Sviss er í EFTA en ekki EES), annars vegar, og ESB og 27 aðildarríkja þess hins vegar. Hann hefur það markmið að skapa eitt markaðssvæði þar sem sömu reglur gilda og þar sem hindrunum er rutt úr vegi fyrir vöruviðskiptum, þjónustuviðskiptum, frjálsri för fólks og frelsi til fjárfestinga. EES skapar sameiginlegan markað og er mun viðtækara og dýpra en hefðbundnir fríverslunarsamningar. Hartnær 80% af utanríkisviðskiptum Íslands er við samstarfsríki okkar innan EES og fríverslunarsamningar koma ekki í stað EES sem felur í sér nánari samruna og dýpri og umfangsmeiri samvinnu en fríverslunarsamningarnir gera. Ísland hefur einnig fríverslunarsamning við ESB frá árinu 1972. Í honum er kveðið á um hagstæðari tollameðferð á sumum tegundum sjávarafurða en í EES-samningnum og gildir hann því enn um viðskipti með þær tegundir. Að öðru leyti tók regluverk EES-samningsins að langmestu yfir viðskipti okkar við ESB.

77%	EES
6%	Fríverslunarsamningar
8%	Bandaríkin
3%	Japan
1%	Kína
5%	Aðrir



Tafla: Útflutningur (vöruviðskipti) 2005. Heimild: Hagstofa Íslands.

05.

AF HVERJU ER MIKIÐ TALAÐ UM FRÍVERSLUNARSAMNINGA NÚNA ?


Undanfarinn áratug hefur orðið sprenging í fjölda fríverslunarsamninga í heiminum, m.a. vegna þess að viðræður á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) hafa gengið hægt fyrir sig. Ísland og samstarfsríki í EFTA eru í framvarðarsveit í gerð fríverslunarsamninga. Auk þess gerði Ísland sérstaklega fríverslunarsamning við Færeyjar sem tók gildi árið 2006 og fríverslunarviðræður við Kína hófust árið 2007.

Viðskipti Íslands og Kína hafa aukist hröðum skrefum undanfarin ár og Kína er eitt af megin viðskipta-ríkjum okkar. Fríverslunarsamningur við Kína veitir bæði útflytjendum og innflytjendum mikilsverð tækifæri og íslensk fyrirtæki hafa stór áform um aukin viðskipti í Kína. Þau munu m.a. nýta sér þau tækifæri sem fríverslunarsamningur skapar, með því að flytja vörur beint milli Íslands og Kína sem nú eru seldar í gegnum erlenda millilið.

Fríverslunarsamningar eru nauðsynlegir til þess að tryggja samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja – að þau njóti bestu mögulegu viðskiptakjara

Einn helsti hvati fríverslunarsamninga EFTA, er að fylgja eftir fríverslunarsamningum sem Evrópu-sambandið (ESB) hefur gert. Með því að fylgja í fótspor ESB, er tryggt að Íslensk fyrirtæki njóti sömu kjara og fyrirtæki með aðsetur í aðildarríkjum Evrópusambandsins. EFTA-ríkin og Ísland hafa einnig gengið á undan ESB, t.a.m. í samningum við Singapor og við Kína. Grundavallar atriði er að fyrirtæki í EFTA- ríkjunum, þ.á.m. Íslandi, noti sambærilegra eða betri kjara en samkeppnisaðilar sem eru helst fyrirtæki innan ESB.

Gildandi fríverslunarsamningar í heiminum, samkvæmt WTO



Tafla: Samkvæmt WTO eru 211 fríverslunarsamningar í gildi hin 15. september 2006 og um 100 í undirbúningi, þannig að gildandi fríverslunarsamningar verða 300 innan tíðar.





06.

HVAÐ MEÐ AÐRA VIÐSKIPTASAMNINGA ?

Fríverslunarsamningar eru einn hlekkur í að tryggja íslenskum fyrirtækjum öruggt og hagstætt viðskiptaumhverfi á erlendum mörkuðum. Til viðbótar við fríverslunarsamninga hafa íslensk stjórnvöld gert margskonar aðra samninga um viðskipti og samstarf við erlend ríki. Meðal þeirra samninga eru tvísköttunarsamningar, fjárfestingasamningar og loftferðasamningar.

Tvísköttunarsamningar

Ísland hefur gert samninga við 31 erlent ríki til að koma í veg fyrir tvísköttun og hamla undanskotum frá skattlagningu. Til eru tvennskona útgáfur af tvísköttunarsamningum: Annars vegar samningar þar sem tekjur, sem eru upprunnar í öðru samningsríki, eru undanþegnar skattlagningu í hinu. Hins vegar samninga þar sem skattgreiðslur í einu ríki koma til frádráttar þegar greiddir eru skattar af sama tekjustofni í öðru ríki. Tvísköttunarsamningar eru mjög mikilvægir fyrir íslensk fyrirtæki með rekstur erlendis, þar sem þeir eru forsenda þess að hægt sé að færa hagnað á milli landa með eðlilegum hætti. Yfirleitt er ekki samið um tvísköttun í fríverslunarsamningum en í þeim eru stundum viljayfirlýsingar um gerð tvísköttunarsamnings.

Fjárfestingasamningar

Ísland hefur gert sjö fjárfestingasamninga og einn þeirra er hluti af fríverslunarsamningi, þ.e. fjárfestingasamningur við Singapúr. Fjárfestingasamningar eru gerðir til að veita erlendum fjárfestum réttarvernd, þannig að þeir njóti lögbundinna réttinda í því ríki sem þeir fjárfesta í og geta gætt hagsmuna sinna fyrir dómstólum. Þannig ýta fjárfestingasamningar undir erlendar fjárfestingar. Ísland sækist eftir því að hafa greinar í fríverslunarsamningum sem eru ígildi fjárfestingasamnings, en yfirleitt vilja samningsaðilar okkar fremur gera sérstaka samninga um vernd fjárfestinga.

Loftferðasamningar

Loftferðasamningar tryggja rétt flugfélaga sem skráð eru á Íslandi til að fljúga um lofthelgi og til og frá þeim ríkjum sem samningarnir ná til. Ísland hefur loftferðasamninga við EFTA-ríkin og ESB-ríkin og við 16 önnur ríki. Fríverslunarsamningar geta fjallað um þjónustuviðskipti en þeir taka ekki til þeirra atriða sem fjallað er um í loftferðasamningum.

Fríverslunarsamningar ganga skemur en samningurinn um Evrópska efnhagssvæðið (EES) og samstarf EFTA-rikjanna. Þess vegna gilda ákvæði hans um viðskipti við 27 aðildarríki ESB.

Tafla: Yfirlit yfir fjárfestingasamninga, tvísköttunarsamninga og loftferðasamninga Íslands, m.v. 15. feb 2007

Fjárfestingasamningar

- Lettland
- Kína
- Singapúr
- Víetnam
- Chile
- Mexíkó
- Líbanon

Tvísköttunarsamningar

- Bandaríkin
- Belgía
- Bretland
- Danmörk
- Eistland
- Finnland
- Frakkland
- Grænland
- Holland
- Írland
- Ítalía
- Kanada
- Kína
- Lettland
- Litháen
- Lúxemborg
- Noregur
- Portúgal
- Pólland
- Rússland
- Slóvakía
- Spánn
- Sviss
- Tékkland
- Víetnam
- Þýskaland

Loftferðasamningar

- Kína
- Bandaríkin
- EFTA - ríkin
- ESB – ríkin
- Hong Kong
- Kanada
- Króatía
- Makaó
- Rússland
- Tæland
- *Barein*
- Indland
- *Katar*
- Líbanon
- *Óman*
- *Mongólía*
- *Sameinuðu arabísku furstadæmin*
- S-Kórea





07.

HVERNIG VELUR ÍSLAND SÉR RÍKI TIL AÐ GERA FRÍVERSLUNARSAMNINGA VIÐ ?

Ísland er í langflestum tilvikum í samfloti með samstarfsríkjunum í EFTA við gerð fríverslunarsamninga. Samstarfið með EFTA-ríkjunum hefur gefist vel, m.a. vegna þess að gerð fríverslunarsamninga getur verið tímafrekt og kostnaðarsamt ferli sem krefst mikillar sérfræðipækkingar og vegna þess að EFTA-ríkin saman eru álitlegri aðili til að semja við heldur en Ísland eitt og sér. Ísland hefur gert fríverslunarsamninga utan EFTA, en það er samningur við Færeyjar (1992, 2006) og við ESB (1972). Auk þess standa yfir viðræður milli Íslands og Kína.

Fríverslunarsamningar skapa framtíðarmöguleika og þess vegna er ekki endilega einblint á þau viðskipti sem þegar eiga sér stað við val á samningsríkjum heldur til þeirra möguleika sem kunna að skapast í framtíðinni.

Við val á viðsemjendum er horft til þess að tryggja íslenskum fyrirtækjum sömu eða betri kjör en fyrirtæki frá öðrum ríkjum njóta. Stærstur hluti utanríkisviðskipta EFTA-ríkjanna er við Evrópusambandið og flestir samkeppnisaðilar fyrirtækja í EFTA-ríkjunum eru í ESB. EFTA fylgir fast í kjölfar ESB við gerð fríverslunarsamninga við nýfrjáls ríki í Mið- og Austur-Evrópu, bæði til að styrkja samskipti við þessi ríki og eins til að tryggja fyrirtækjum EFTA-ríkjanna sambærileg viðskiptakjör og fyrirtæki ESB njóta. EFTA hefur einnig samið við fjölda ríkja við Miðjarðarhafið. Þessir samningar eru öðrum þræði gerðir vegna áforma ESB og ríkja í Norður-Afríku um að skapa fríverslunarsvæði (svokallað Barcelona-ferli). Á undanförunum árum hefur EFTA horft til fjarlæggra markaðssvæða, þar sem nálægð við markaði skiptir minna máli í alþjóðaviðskiptum. Í nýrri samningum, sem flestir eru við fjarlæg ríki, hefur fyrst og fremst verið horft til þess að tryggja markaðsaðgang að vaxandi mörkuðum. Þannig voru EFTA-ríkin t.a.m. á undan Evrópusambandinu að gera samning við Singapúr.

Barcelona-ferlið hefur að markmiði að skapa stöðugleika í nágrannaríkjum Evrópu í Norður-Afríku. Samstarfið gengur m.a. út á að koma á fríverslunarsvæði og að efla samstarf á öllum sviðum milli Evrópuríkja og ríkja við Miðjarðarhafið. Hluti af þessu samstarfi er svokallað „sameiginlegt upprunasvæði“ 42 ríkja í Evrópu og Norður-Afríku (Pan Euro-Med Cumulation Area), sem felur í sér að vara getur verið framleidd í mörgum ríkjum án þess að það hafi áhrif á uppruna vöru og án þess að greiddar séu af henni tollar þegar hún færirst frá einu ríki til annars. Ísland og hin EFTA-ríkin taka virkan þátt í þessu ferli, sem getur haft veruleg áhrif á viðskiptaumhverfi íslenskra fyrirtækja þegar fram í sækir.

08.

HVERNIG GANGA FRÍVERSLUNARVIÐRÆÐUR FYRIR SIG?

Friverslunarviðræður geta verið flókið ferli sem tekur nokkur ár. Gott samstarf við hagsmunaaðila – fyrirtæki sem eru eða geta hugsað sér að stunda viðskipti í viðkomandi ríki – er lykilatriði.

I mörgum tilvikum hefst undirbúningur fyrir gerð fríværslunarsamnings með ítarlegri athugun á núverandi viðskiptum og viðskiptatækifærum sem kunna að skapast í framtíðinni. Meðal annars eru greind samlegðaráhrif og hvort fríværslunarsamningur er líklegur til að skapa aukin verðmæti (trade creation) eða beina viðskiptum frá hagstæðari markaðssvæðum (trade diversion).

Útanríkisráðuneytið leitar til viðskiptalífsins um ábendingar um hagsmuni, tækifæri og hugsanlega erfiðleika þegar fríverslunarviðræður eru í undirbúningi og einnig meðan á þeim stendur.

I langflestum tilvikum á Ísland samleið með samstarfsríkjunum í EFTA. Stundum leiðir Ísland viðræðum, eins og yfirstandandi viðræður við Tæland, en einnig hafa Svisslendingar og Norðmenn leitt fríverslunarviðræður. Í upphafi er rætt um umfang væntanlegs samnings en eftir því sem á líður fara viðræðurnar fram í sérhæfðum samningahópum þar sem fjallað er um ýmskondrar tæknileg atriði í viðskiptum ríkjanna, svo sem markaðsaðgang, tæknilegar viðskiptahindranir og fjárfestingar.

Frívírsunarviðræður geta hæglega tekið nokkur ár og að þeim loknum á sér stað löggildingarferli, þar sem samningarnir eru bornir undir þjóðþing þeirra ríkja sem eiga aðild að þeim.

Fyrirtæki geta haft hagsmuni af því að fylgjast með fríverslunarviðræðum og gera viðskipta-
áætlanir sem miða að því að hagnast á samningum um leið og þeir taka gildi.





09.

UM HVAÐ FJALLA FRÍVERSLUNARSAMNINGAR ?

Fríverslunarsamningar snúast um að auðvelda viðskipti en geta verið mjög misjafnir. Ísland sækist eftir því að gera sem umfangsmesta samninga sem ryðja ekki aðeins úr vegi hindrunum fyrir viðskipti með vörur heldur ná einnig til þjónustu, fjárfestinga og lausnar deilumála.

Í grófum dráttum má skipta fríverslunarsamningum í tvo flokka: Hefðbundna, „fyrstu kynslóðar“ fríverslunarsamninga og nýrri „annarrar kynslóðar“ fríverslunarsamninga. Hefbundnir fyrstu kynslóðarsamningar ná aðeins til vöruviðskipta og upprunareglna. Nýrri annarrar kynslóðarsamningar ná einnig til ýmissa annarra þátta svo sem þjónustuviðskipta, fjárfestinga, opinberra innkaupa, samkeppnismála og verndar höfundaréttar.

Umfangsmiklir fríverslunarsamningar veita aukin réttindi og meira viðskiptaöryggi – og auðvelda þess vegna litlum og meðalstórum fyrirtækjum sókn á nýja markaði.

Þjónustuviðskipti verða sífellt mikilvægari og standa fyrir riflega 70% af þjóðarframleiðslu. Ennfremur er mikilvægt að íslensk þjónustufyrirtæki, til dæmis í flutningum og fjármálaþjónustu, hafi tækifæri til að veita íslenskum útrásarfyrirtækjum þjónustu á nýjum mörkuðum.

Allir fríverslunarsamningar sem Ísland á aðild að hafa ákvæði um einhverskonar samráðsvettvang þar sem hægt er að taka upp vandamál sem fyrirtæki upplifa í viðskiptum við viðkomandi ríki. Utanríkisráðuneytið sækist eftir því að fá upplýsingar frá fyrirtækjum um erfiðleika í viðskiptum til þess að geta liðsinnt þeim, m.a. með því að nota þennan samráðsvettvang.

Fyrstu fríverslunarsamningarnir með aðild Íslands voru hefðbundnir „fyrstu kynslóðarsamningar“ við nágrannaríki en þróunin er sú að samið er við fjarlægari ríki og samningarnir bera sterkari merki „annarrar kynslóðar fríverslunarsamninga“

Veigamikill þáttur fríverslunarviðræðna eru upprunareglur. Upprunareglur skýra hvaða skilyrði vara þarf að uppfylla til þess að teljast upprunnin í viðkomandi ríki – en uppruni vörunnar ræður því hvort hún nýtur friðindameðferðar. Í sérstökum tilvikum geta vörur verið framleiddar í mörgum ríkjum eða með hræfni frá mörgum ríkjum – án þess að það komi til tollur á vöruna. Ísland – og önnur EFTA-ríki – eiga aðild að uppbyggingu svokallaðs „Pan-Euro-Med Cumulation Area“ sem taka á gildi árið 2010. Það felur í sér að byggt er upp svæði sem nær til Evrópusambandsins, EFTA og ýmissa ríkja í Norður-Afríku þar sem vörur geta færst á milli landa án hindrana. Til dæmis má sjá fyrir sér að reiðhjól verði framleitt í ESB, sent til Marokkó þar sem það er lakkað og þaðan til Túnis þar sem sæti og bremsur er komið fyrir og að lokum selt í Sviss án nokkurra hindrana. Nánari upplýsingar um upprunareglur eru á vef Tollstjórans í Reykjavík:

www.tollur.is

10.

HVERNIG VIRKA FRÍVERSLUNARSAMNINGAR ?

Fríverslunarsamningar taka gildi eftir að Alþingi og ríkisstjórn hafa staðfest þá og aðildarríki fríverslunarsamningsins hafa skilað inn fullgildingartilkyrningum. Fyrstu merkin um að fríverslunarsamningur hefur áhrif eru þau að tollar lækka eða hverfa. Fyrir sumar vörur þá hverfa tollar þegar við gildistöku en í öðrum tilvikum þá lækka þeir í skrefum yfir lengra tímabil.

Ísland leggur ríka áherslu á að tollar hverfi á mikilvægustu útflutningsafurðum okkar. Tollfrelsi með sjávarafurðir, eftir mislangan aðlögunartíma, er tryggt í öllum samningum sem Ísland á aðild að.

Í mörgum tilvikum taka fyrirtæki eftir því að tollar eru skyndilega lægri og viðskipti greiðari – án þess að þau hafi vitneskju um að ástæðan liggji í gildistöku fríverslunarsamnings.

Samráðsvettvangur á milli aðila fríverslunarsamnings er settur á laggirnar bæði til að fylgjast með því að samningnum sé framfylgt og til að fjalla um vandamál sem kunna að koma upp í viðskiptum ríkjanna.





11. HVAÐ MEÐ LANDBÚNAÐ ?

Fríverslunarsamningar ná til landbúnaðarafurða og þannig lækka þeir matvælaverð og skapa tækifæri til útflutnings. Hins vegar er mikilvægt að tryggja öryggi matvæla fyrir neytendur og gæta þarf þess að innlendur landbúnaður, sem býr við náttúrulega erfiðar aðstæður, geti komist af við hlið innflutnings.

Landbúnaður nýtur nokkrar sérstöðu í fríverslunarsamingum EFTA-rikjanna. Vegna mismunandi framleiðslumynsturs og aðstöðu þá hentar ekki einn, staðlaður samningur fyrir öll EFTA-rikin heldur gera Ísland, Sviss, Noregur og Liechtenstein tvíhliða landbúnaðarsamninga við þau ríki sem samið er við um fríverslun.

EFTA-ríkin flytja inn meira af landbúnaðarafurðum sem hlutfall af neyslu matvæla en flest önnur ríki í heiminum.

Meginlínurnar í viðræðum um fríverslun með landbúnaðarafurðir eru þær að ýtt er undir fríverslun með unnar matvörur og aðeins er haldið verndartollum gagnvart hráefnisvörum þar sem innlend framleiðsla stendur halloka í samkeppni vegna náttúrulegra aðstæðna. Engir eða hverfandi tollar eru þó á veigamiklum útflutningsvörum fátækari ríkja, svo sem ávöxtum, hveiti og sykri – svo nokkur dæmi séu tekin.

Í viðræðum um landbúnað er viðurkennt að flest ríki heims hafa í huga margskonar markmið sem ekki eru viðskiptalegs eðlis (non-trade concerns – NTC), svo sem matvælaöryggi, umhverfisvernd, viðhald byggðar, vernd menningararfs og heilbrigði dýra og plantna.

Í fríverslunarsamningi Íslands og Færeyja ríkir full fríverslun með landbúnaðarafurðir.

12.

HVERNIG GETA FYRIRTÆKI OG EINSTAKLINGAR HAFT ÁHRIF ?

Fríverslunarsamningar fjalla um núverandi viðskipti og um tækifæri framtíðarinnar. Þess vegna er lykilatíðni að samningamenn Íslands hafi upplýsingar frá fyrirtækjum og einstaklingum um viðskiptahagsmuni og áform um sókn á nýja markaði – þannig að áherslur í samningaviðræðunum rími sem best við hagsmuni íslensks atvinnulífs. Hlutverk samningamanna Íslands er að gæta hagsmuna íslensks atvinnulífs og því betri upplýsingar sem þeir hafa um hagsmuni atvinnugreina og einstakra fyrirtækja á mismunandi markaðssvæðum, því betri möguleika hafa þeir til að gæta þeirra hagsmuna.

Utanríkisráðuneytið hvetur fyrirtæki eindregið til að koma á framfæri við samningamenn Íslands upplýsingum um markaðssvæði þar sem þau hafa helst áhuga á fríverslunarsamningum og um viðskiptahagsmuni (gerð þjónustu/tollanúmer vöru) sem leggja þarf áherslu á í viðræðunum

Fyrirtæki og einstaklingar í viðskiptum eru einnig eindregið hvött til að leita til utanríkisráðuneytisins vegna vandamála sem upp kunna að koma í viðskiptum – ekki síst við ríki sem Ísland hefur fríverslunarsamning við – þannig að hægt sé að nýta samráðsvettvang ráðuneytisins og erlendra ríkja til að vinna að lausn.





Utanríkisráðuneytið
Viðskiptasvið
Rauðarárstíg 25
IS – 150 Reykjavík

www.utn.stjr.is
+(354) 545-9900

Útgefandi: Viðskiptasvið utanríkisráðuneytisins.
Aðstoð við textagerð: Aðalsteinn Leifsson, lektor í Háskólanum í Reykjavík